

GERUM ÞAÐ SAMAN



UMFERÐARSÁTTMÁLI MÓTUM JÁKVÆÐA UMFERÐARMENNINGU



Umferðarsáttmáli -samskipti allra vegfarenda-

Ég er aldrei undir áhrifum í umferðinni

Ég fer aldrei af stað út í umferðina nema ég sé í ástandi til þess, hvort sem það er vegna vímu, andlegrar líðan, þreytu eða annarra þátta sem geta haft áhrif á hæfni mína til að taka þátt í umferðinni. Ég ek aldrei eftir að hafa bragðað áfengi.

Ég gef stefnumerki í tæka tíð

Ég gef stefnumerki ef ég þarf að beygja eða færa mig milli akreina. Þannig vita aðrir vegfarendur hvert ég stefni og geta hliðrað til og aðstoðað auk þess sem ég liðka með því móti fyrir umferð almennt.

Ég virði hraðamörk

Ég ek hvorki of hratt né stunda svigakstur enda skapar það hættu, óþægindi og óöryggi fyrir aðra. Ég gæti að því að hleypa öikumönnum fram hjá ef ég ek hæggar en þeir og aðstæður bjóða upp á það, enda er framúrakstur hættulegur og á ábyrgð beggja aðila. Ég miða hraða reiðhjólis við aðstæður og gæti sérstaklega að gangandi vegfarendum.

Ég læt hvorki síma né annað trufla mig

Ég held athygli í umferðinni, læt hvorki síma né annað trufla mig og sýni öðrum vegfarendum þannig þá virðingu sem þeim ber.

Ég fer ekki yfir á rauðu ljósi

Ég virði rétt annarra vegfarenda á gatnamótum. Ég hvorki ek, geng né hjóla gegn rauðu ljósi. Þannig stuðla ég að öryggi og eðlilegu flæði umferðar.

Ég held hæfilegri fjarlægð

Ég gæti þess að halda öruggri fjarlægð milli mín og annarra vegfarenda, hvort sem um er að ræða akandi, gangandi, hjólandi eða annarskonar umferð og tryggi þannig að ekki verði slys þó aðrir vegfarendur þurfi að stöðva.

Ég þakka fyrir mig

Ég sýni jákvæðni og kurteisi í umferðinni. Ég þakka fyrir mig, til dæmis með því að brosa eða veifa. Þannig stuðla ég að betri umferðarmenningu.

GERUM ÞAÐ SAMAN

Ég nýti „tannhjólaaðferð“ þegar við á

Ég sýni öðrum vegfarendum virðingu með því að nýta tannhjólaaðferð þegar því er viðkomið. Ég nota stefnúmerki til að aðrir viti á hvaða leið ég er. Þannig bæti ég flæði umferðar og eyk öryggi mitt og annarra.

Ég held mig hægra megin

Ég held mig hægra megin í umferðinni, á bifreið, reiðhjóli eða öðru ökutæki, hvort sem ég fer um akbraut, gangstétt eða göngustíg. Þannig sýni ég öðrum þá tillitsemi sem þeim ber og stuðla að góðri og skipulegri umferð. Sem gangandi vegfarandi stuðla ég að góðri samvinnu við hjólreiðamenn á gangstéttum og göngustígum með því að færa mig til hægri þegar ég verð þeirra var. Þannig kem ég í veg fyrir árekstur.

Ég er sýnilegur

Ég geri mitt til að sjást í umferðinni, nota til dæmis ljós, endurskinsmerki eða glitaugu þegar það á við, svo að aðrir vegfarendur verði mín varir. Ég sýni aðgát þegar ég fer yfir götu, geng úr skugga um að aðvifandi ökumenn hafi séð mig áður og nota gangbraut þar sem hún er nærri. Sem reiðhjólamaður staðset ég mig svo ég sé sýnilegur til að gæta að eigin öryggi og annarra. Ég læt gangandi vegfarendur vita af mér áður en ég nálgast þá með því að kasta á þá kveðju eða hringja bjöllu og fer varlega vinstra megin fram hjá þeim. Þannig tryggji ég að ekki komi til áreksturs okkar á milli.

Ég legg löglega

Ég legg löglega því ég virði rétt allra vegfarenda til að komast leiðar sinnar á öruggan hátt. Þannig tryggji ég að gangandi vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum eða neyðist út á götu. Ég legg nægilega fjarri gangbraut og stuðla þannig að góðri yfirsýn akandi og gangandi.

Ég tek mið af aðstæðum

Ég ek ávallt varlega þar sem gangandi og hjólandi vegfarenda getur verið von og tryggji þannig að ég valdi ekki slysi. Ég sýni sérstaka varkárni við skóla og í íbúðahverfum. Ég ek varlega þar sem gangbraut er og stöðva fyrir gangandi vegfarendum.

Ég sýni ábyrgð

Ég haga mér ávallt þannig í umferðinni að ég valdi ekki slysi. Ég ber ábyrgð á hegðun minni og áhrifum hennar á öryggi mitt og annarra vegfarenda. Ég nota viðeigandi öryggisbúnað til að auka öryggi mitt og annarra.

Ég mun leitast við að fylgja þessum sáttmála og auka með því öryggi mitt og annarra vegfarenda